

Fundargerð

Fundur Skólaráðs Öxarfjarðarskóla fimmtudaginn haldinn í Lundi 4.apríl kl. 16:15.

Mættir:

Arna Ósk Arnbjörnsdóttir deildarstjóri leikskóladeildar, Charlotta Englund fulltrúi foreldra leikskólabarna, Christoph Wöll fulltrúi kennara, Guðlaug Anna Ívarsdóttir fulltrúi starfsfólks leikskóladeildar, Thomas Helmig fulltrúi foreldra grunnskólabarna og Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri.

Dagskrá fundarins:

1. Drög að skóladagatölum leik- og grunnskóladeilda 2024-2025.
2. Niðurstöður foreldrakönnunar á leikskóladeild
3. Skólalóð leikskóladeildar
4. Heimasíðan sem miðlun upplýsinga til foreldra
5. Niðurstöður starfsmannasamtala
6. Öryggi og aðbúnaður
7. Önnur mál
 - a. Áskorun til fjölskylduráðs frá skólaráði
 - i. Leikskólalóðin
 - ii. Sundlaugin
 - iii. Vörumóttaka að mötuneyti – úrlausn

Skóladagatöl 2024-2025. Hrund kynnti drög að skóladagatölum leik- og grunnskóladeilda fyrir næsta skólaár 2024 -25. Christoph kynnti drögin að skóladagatalinu í dag fyrir nemendum mið- og unglingadeildar.

Skólastjóri og deildarstjóri leikskóla unnu saman að því að reyna eftir fremsta megni að samstillta starfsdaga leik – og grunnskóla samkvæmt beiðni frá foreldrum leikskólabarna. Niðurstaðan er sú að 3 starfsdagar af 5 eru þeir sömu í báðum deildum. Nokkur umræða spannst um óskir starfsfólks leikskólans um að taka styttingu vinnuvikunnar milli jóla og nýárs, sem og í dymbilvikunni. Það hentar starfinu langbest með tilliti til mönnunar og stöðugleika starfsins og samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar leikskólabarna voru 13 af 16 svarendum sem töldu þetta fína lausn þar sem flestir foreldrar leikskólabarna eru einnig með börn í grunnskólanum og þau eru þá í fríi. Hins vegar eru einnig óánægjuraddir sem benda réttilega á að óheppilegt sé að hafa lokað þegar fólk er í vinnu (milli jóla og nýárs og dymbilvikunni) og það geti skapað vandræði fyrir einhverja foreldra.

Skólaráð samþykkir framlögð skóladagatöl leik- og grunnskóladeilda en ákveðið var að senda foreldrum skóladagatal leikskóladeildar til yfirlstrar og umsagnar áður en það fer til staðfestingar í fjölskylduráði. Þá gæfist fólki tækifæri til þess að segja sína skoðun og ef til vill væri hægt að koma til móts við þarfir þeirra sem nauðsynlega þurfa á þjónustunni að halda. Hins vegar hefur það ítrekað gerst að foreldrar hafa óskað sérstaklega eftir vistun fyrir börnin sín í jóla- og páskafríum en síðan hætt við á síðustu stundu. Það er afar óheppilegt þegar starfsfólk er mætt til vinnu, bæði í leikskóla og mötuneyti.

Niðurstöður foreldrakönnunar á leikskóladeild. Kynntar voru niðurstöður foreldrakönnunar á leikskóladeildinni og kom könnunin heilt yfir mjög vel út. Foreldrar eru heilt yfir ánægðir með

starfsemina, skiptingu deilda og starfsfólkið, auk upplýsinga sem sendar eru frá leikskólanum í gegnum Karellen. Það helsta sem sett var út á er leikskólalóðin sem er allt of lítil fyrir þann fjölda sem nú er í leikskóladeildinni eða 26 börn. Aðeins var rætt um mönnun þar sem fram kom að of oft væri mannekla í leikskólanum. Því er til að svara að mönnun miðað við fjölda barna er mjög góð og hægt væri að bæta 8 – 10 börnum við miðað við stöðugildi (ekki tekið tillit til rýmis). Niðurstöður könnunarinnar verða birtar á vef skólans innan skamms.

Skólalóð leikskóladeildar. Eftir að börnunum fjölgaði í leikskóladeildinni (26 börn), er skólalóðin allt of lítil. Henni er ekki skipt niður með tilliti til aldurs og t.d. eru einungis 2 rólur fyrir öll börnin. Eftir að ný forstofa var byggð við leikskólann fór um 12 fermetra leiksvæði sem börnin höfðu áður, þannig að brýnt er að stækka leikskólalóðina sem allra fyrst. Ákveðið að senda áskorun frá skólaráði til fjölskylduráðs.

Heimasíðan sem miðlun upplýsinga til foreldra. Hrund minnti á heimasíðu skólans sem reynt er að halda lifandi með reglulegum fréttum úr skólastarfinu. Á heimasíðunni er einnig að finna allar upplýsingar sem lúta að leik- og grunnskólastarfinu auk upplýsinga um þá stoðþjónustu sem boðið er upp á í Norðurþingi.

Niðurstöður starfsmannasamtala. Almenn ánægja ríkir í starfsmannahópnum. Teymisvinna og kennsla kemur vel út og einnig er góð mönnun í leikskóladeildinni. Auglýsa þarf 3 stöður við skólann, bæði stöður leiðbeinenda og einnig vantar eitt stöðugildi kennara þar sem tveir kennarar eru að minnka við sig. Þá þarf að ráða inn aðstoðarmatrád fyrir næsta vetur.

Öryggi og aðbúnaður. Unnið hefur verið að viðhaldi sem allt of lengi hefur setið á hakanum í skólanum s.s. málning. Starfsmannarýmið var endurbætt; málað og ný gólfefni og kennarateymin fengu hvort sína stofuna. Miðrymi skólans var einnig málað og sett voru upp ný fatahengi í forstofuna fyrir nemendur. Í myndmenntastofu á neðri hæð, var komið upp heimilisfræðiaðstöðu með því að tengja tvær eldavélar, nýta hluta af eldhúsinnréttingu úr starfsmannarými og setja upp borðplötur ásamt stálplötu á vegg fyrir ofan eldavélar. Aðgengi inn í leikskólann var lagað þar sem hættulegur stálkantur gat valdið slysi. Settur var teppalagður rampur í staðinn. Þá var settur veggur í miðrymið til að hylja illa farna rennihurð sem þar var. Þá er búið að skipta út öllum gluggatjöldum sem fyrir voru og settar upp rúllugardínur. Til að minnka hættu í hringstiga niður á neðri hæð, voru settir stamir borðar á þreppin. Skólastjóri hefur farið fram á endurskipulag skólalóðarinnar með það að markmiði að færa bílastæðin austur fyrir húsið og skipuleggja svæði fyrir sparkvöll og stærri leikskólalóð. Það hefur verið samþykkt og arkitektastofan Landslag hefur vinnu við það fljótlega.

Það sem brýnast er að fara í sem allra fyrst er vörumóttaka fyrir mötuneyti skólans. Aðgengið er hættulegt þar sem bera þarf þunga kassa niður steiptar tröppur sem oft eru ísi lagðar þar sem snjóbræðslukerfið virkar ekki frekar en í tröppunum upp í skólabygginguna. Matráður slasaðist við að bera vörukassa niður tröppurnar með þeim afleiðingum að viðkomandi er einungis með 50% starfsgetu.

Þá er afar brýnt eins og áður sagði að stækka leikskólalóðina sem allra fyrst. Þar þarf einnig að lagfæra útfærslu á þaki viðbyggingar/forstofu við leikskólann þar sem snjóöfnun á þakinu er

hættuleg. Þá þarf að skoða hljóðvistarmál í skólanum öllum. Til stendur að gera mælingar fljótlega.

Afar brýnt er að sundlaugin sé vel við haldið svo hægt sé að kenna sund á staðnum og ekki síst að geta treyst á að laugin sé tilbúin þegar hefja á kennsluna en það hefur skort árum saman.

Hefja átti sundkennslu núna í vikunni strax að loknu páskaleyfi en það dregst a.m.k. um viku þar sem þurfti rafvirkja til lagfæra hitastillingar. Ef lauginni yrði alfarið lokað, hefði það talsverðan kostnað og tíma í för með sér að aka öllum nemendum skólans annað hvort til Húsavíkur eða Raufarhafnar í nokkrar vikur á hverju skólaári auk þess umstangs sem fylgdi því að skipuleggja slíkt. Þar fyrir utan er sundlaugin á Raufarhöfn ónothæf vegna þess að ekki hefur verið gengið frá lofti með tilliti til hljóðvistar.

Skólaráð er sammála um að senda skólayfirvöldum áskoranir um að þrýsta á að lauginni í Lundi verði haldið opinni áfram fyrir skólasund, einnig varðandi stækkun leikskólalóðar auk krafna um úrbætur við vörumóttöku og viðhald sundlaugar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:45

Hrund Ásgeirsdóttir
Fundarritari